

## AÐALSKIPULAG SUÐURNESJABÆJAR 2022-2034 MINNISBLAÐ

VERKNÚMER:	9184002	DAGS.:	2023-01-23
VERKHLUTI:	Aðalskipulagstillaga til staðfestingar		
HÖFUNDUR:	EJ		
RÝNT AF:	EBK		
DREIFING:	Suðurnesjabær		

### Umsagnir og athugasemdir um auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 og viðbrögðum við þeim

Í minnisblaðinu er samantekt á framkomnum athugasemdum vegna tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 ásamt umhverfismatsskýrslu sem auglýst var frá og með 9. nóvember 2022 til 23. desember 2022.

#### 1 Kynning og samráð

Aðalskipulagsvinnan var kynnt í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar er gert ráð fyrir kynningu á skipulags- og matslýsingu, kynningu skipulagstillögu á vinnslustigi og auglýsingu skipulagstillögu.

Skipulags- og matslýsingin var samþykkt í sveitarstjórn 3. mars 2021 og kynnt í framhaldinu. Hún var aðgengileg á vef Suðurnesjabæjar og kortavefsja sem og á skrifstofu sveitarfélagsins. Opið var fyrir athugasemdir frá 16. mars til og með 31. mars 2021. Á sama tíma var lýsingin send til umsagnar. Beint streymi var frá íbúafundi vegna lýsingarinnar 25. mars 2021. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, þ.e. hertra sóttvarnarréglna, var ekki hægt að taka á móti gestum í sal. Auk þess var sérstök kynning sett á vef Suðurnesjabæjar og opnað fyrir hugmyndir og ábendingar í gegnum hugmyndagáttina Betri Suðurnesjabæ og kortasvæði til að merkja inn hugmyndir.

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar samþykkti þann 16. mars 2022 að vinnslutillaga Aðalskipulags Suðurnesjabæjar 2022-2034, ásamt umhverfismatsskýrslu, yrði kynnt íbúum og send til umsagnaraðila til umsagnar. Vinnslutillagan var kynnt 22. mars til og með 14. apríl 2022 og jafnframt var hún send til umsagnar til umsagnaraðila, auk Skipulagsstofnunar. Í kjölfarið var ráðgjafa falið að vinna úr framkomnum athugasemdum. Verkefnisstjórn fjallaði jafnframt um athugasemdirnar á vinnufundi 22. og 26. apríl 2022.

Framkvæmda- og skipulagsráð fjallaði um framkomnar umsagnir og athugasemdir við vinnslutillöguna á fundi 28. apríl 2022. Ráðið samþykkti að fela skipulagsfulltrúa og ráðgjöfum að lagfæra skipulagsgögnin til samræmis við minnisblað og umræður á fundinum. Ráðið lagði einnig til við sveitarstjórn að hún samþykki að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar að aðalskipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla hennar yrði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Á fundi sveitarstjórnar 4. maí 2022 var samþykkt samhljóða að aðalskipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla hennar yrði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

Þann 2. september 2022 sendi Suðurnesjabær aðalskipulagstillöguna ásamt fylgigögnum til athugunar Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í athugun Skipulagsstofnunar, dags. 5. október 2022, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv.



31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem fram koma í athuguninni. Framkvæmda- og skipulagsráð fjallaði um athugun Skipulagsstofnunar 27. október 2022 og lagði til við sveitarstjórn að tillagan yrði auglýst. Sveitarstjórn samþykkti svo á fundi sínum 2. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 ásamt umhverfismatsskýrslu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tillaga að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 var auglýst þann 9. nóvember 2022 með fresti til að skila inn umsögnum og athugasemdum til og með 23. desember 2022.

## 2 Yfirlit yfir umsagnir og athugasemdir

Alls bárust umsagnir og athugasemdir frá 22 aðilum á auglýsingartímanum. Auk þess var ákveðið að taka inn athugasemdir sem bárust við kynningu lýsingar vegna aðalskipulagsbreytingar vegna uppbyggingar í landi Gauksstaða og varða tillögu að aðalskipulagi. Um er að ræða athugasemdir frá 13 aðilum. Einnig erindi sem sent var fyrir hönd eigenda Balajarðarinnar og varðar sjóvarnir sem barst fyrir auglýsingartímann.

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Guðni Magnús Eiríksson	Fiskistofa.	11.1.2023	Gerir ekki athugasemd.
Árni Snorrason	Veðurstofa Íslands.	10.1.2023	Upplýsingar um hita, úrkomu og vindafar. Aftakaveður.
Gunnar Kr Þ Ottósson.	Reykjanesbær.	4.1.2023	Uppbygging íbúðarhúsnæðis og húsnæðisþörf, verslunar- og þjónustuvæði við Rósasel og samræmi við stefnu um blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf o.fl.
Claudia Gockel	Einstaklingur.	23.12.2022	Sjóvörn, verslun- og þjónusta í Hvalsnesi, byggð í Suðurnesjabæ, vegir o.fl.
Sveinn Valdimarsson.	Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.	22.12.2022	Helgunarsvæði olíulagnar, hæðartakmarkanir og skilmálar ratsjár- og fjarskiptastöðvar á Miðnesheiði, tákun Varnar- og öryggissvæða á uppdrætti o.fl.
Margrét I. Ásgeirsdóttir	Einstaklingur.	22.12.2022	Athugasemd við staðsetningu á nýju verslunar- og þjónustuvæði við Garðskaga VP-15.
Sveinn Valdimarsson.	Isavia.	21.12.2022	Afmörkun fyrir Keflavíkurflugvöll, lagnir innan Keflavíkurflugvallar, hæðartakmarkanir, skyldur sveitarfélaga vegna nýrra laga um loftferðir o.fl.
Elín Sara Færseth	Hestamannafélagið Máni.	20.12.2022	Athugasemdir um reiðvegi í aðalskipulagi.
Marta Eiríksdóttir.	Íbúa í Nátthaga í Suðurnesjabæ.	20.12.2022	Ályktun íbúa í Nátthaga í Suðurnesjabæ um að aðalskipulaginu verði breytt á þann hátt að íbúum verði gert kleift að skrá búsetu og raunverulegt heimili í Nátthaga.



Samúel Torfi Pétursson.	Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.	19.12.2022	Umsögnin varðar m.a. samræmi aðalskipulagsins við Þróunaráætlun Kadeco, verslunar- og þjónustuvæði við Rósaselstorg og athafnasvæði í Rockville. Einnig íþróttasvæði við svæði Hestamannafélagsins Mána, göngu- og hjólaleiðir, færsla Garðskagavegar og tenging við Helguvík og landgræðsla og skógrækt á opnum svæðum í nærumhverfi Keflavíkurflugvallar.
Axel Benediktsson og Björn Stefánsson.	Umhverfisstofnun.	19.12.2022	Sérstök vernd náttúruverndarlaga, þróun þéttbýlis og uppbygging, umferð í fjöru, takmarkanir á landnotkun, fráveita, mengaður jarðvegur, stjórn vatnamála, heimsmarkmið o.fl.
Einar S. Einarsson.	Landsnet.	14.12.2022	Ný 132 kV tenging í jarðstreng milli tengivirkis Fitja og í tengivirkis Stakks í Reykjanesbæ.
Sigurður Helgi Magnússon	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	14.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Gunnar M. Magnússon	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	13.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Magnea Björk Magnúsdóttir	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	12.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Unnar Már Magnússon.	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	11.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Björgvin Magnússon.	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	11.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Sigfús Kristvin Magnússon	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	11.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Hreinn Rafnar Magnússon	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	11.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Kristvina Magnúsdóttir	Einstaklingur/landeigandi Bræðraborgarlands.	11.12.2022	Hverfisvernd verði tekin af Bræðraborgarlandi.
Sveinn Valdimarsson.	Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.	7.12.2022	Að skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar gilda einnig út fyrir flugvallar- og öryggissvæði flugvallarins.
Hólmfríður Guðmundsdóttir.	Einstaklingur/landeigandi Kothúsa.	25.11.2022	Ósk um stækkun svæðis fyrir íbúðarbyggð á hluta lands Kothúsa í Garði.
J. Trausti Jónsson	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.	10.11.2022	Gauksstaðir: Gerir ekki athugasemd.
Þór Ingólfsson Hjaltalín	Minjastofnun Íslands.	9.11.2022	Gauksstaðir: Minjastofnun hefur ekki athugasemdir við áform um breytingu á aðalskipulagi og landnotkun á svæðinu, en ljóst er að þar eru minjar sem taka þarf tillit til við gerð deiliskipulags.
Þorvaldur Þorvaldsson o.fl.	Einstaklingar (6)/ Eigendur Vara og Varavegar 8, búar við Varaveg 8 og Íbúar við Varaveg 9	9.11.2022	Gauksstaðir: Afmörkun skipulagssvæðisins, nálægð bygginga við landamörk Vara, umfang starfseminnar og flóðahætta.
Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Umhverfisstofnun.	2.11.2022	Gauksstaðir: Verndarsvæði og umhverfisáhrif.
Sigurður Þór Arason	Reykjanesbær.	2.11.2022	Gauksstaðir: Gerir ekki athugasemd.
Jónatan Ingimarsson og Erla Vigdís Óskarsdóttir	Einstaklingar/ Íbúar við Gauksstaðaveg 2	1.11.2022	Gauksstaðir: Gera athugasemdir við vegtengingu að svæðinu.
Freyr Gunnarsson o.fl.	Einstaklingar (6)/ Íbúar við Gauksstaðaveg 6	31.10.2022	Gauksstaðir: Gera athugasemdir við vegtengingu að svæðinu.
Kristín S Þórðardóttir	Einstaklingur	30.10.2022	Gauksstaðir: Vegtenging og frárennsli.
Árni Snorrason	Veðurstofa Íslands.	27.10.2022	Gauksstaðir: Gerir ekki athugasemd.



Freyr Gunnarsson o.fl.	Einstaklingar (10)	24.10.2022	Gauksstaðir: Gera athugasemdir við veltengingu að svæðinu.
Rannveig María Jóhannesdóttir	Vegagerðin	21.10.2022	Gauksstaðir: Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna að því gefnu að ekki er um að ræða nýjar tengingar við Þjóðveg.
Sveinn Valdimarsson	Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.	20.10.2022	Gauksstaðir: Gerir ekki athugasemd.
Sigurður Skarphéðinsson	Brunavarnir Suðurnesja.	13.10.2022	Gauksstaðir: Brunahönnun og nægilegt slökkvivatni við uppbyggingu á svæðinu o.fl. Að æskilegt væri að komast að svæðinu frá annarri aðkomu.
Jón Gunnarsson	Einstaklingur/fh. landeigenda á Bala.	12.7.2022	Sjóvarnir fyrir land Bala á Stafnesi.

### 3 Helstu atriði athugasemda og ábendinga og viðbrögð við þeim

Meðfylgjandi töflur sýna yfirlit yfir athugasemdir og ábendingar sem komu fram á auglýsingartímanum og í kjölfar umsagnarbeiðni Suðurnesjabæjar til umsagnaraðila. Í töflu eru athugasemdir sem komu fram í umsögnum og almennar athugasemdir frá einstaklingum sem komu í gegnum afgreiðslu Suðurnesjabæjar. Einnig athugasemdir sem bárust vegna kynningar lýsingar vegna aðalskipulagsbreytingar vegna uppbyggingar í landi Gauksstaða og varða tillögu að aðalskipulagi.

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034. Samantekt athugasemda við auglýsta tillögu.

Nr	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
1.1	Landsnet.	Jarðstrengur	Landsnet veur athygli sveitarfélagsins á að í samþykktari Kerfisáætlun 2018-2027 er gert ráð fyrir nýrri 132 kV tengingu í jarðstreng milli tengivirkis Fitja og í tengivirkis Stakks í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir að strengurinn fylgi núverandi Fitjalínu 2 (sjá kort af <a href="https://www.map.is/landsnet">https://www.map.is/landsnet</a> ). Strengurinn liggur að hluta innan sveitarfélagamarka Suðurnesjabæjar. Tímaáætlun verkefnisins hafur breyst og að svo stöddu liggur ekki fyrir tímasetning á framkvæmdum. Hins vegar telur Landsnet æskilegt að gert sé ráð fyrir strenglögnum á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar, komi til þess að ráðgerð verði starfsemi á Helgúvíkursvæðinu sem kalli eftir tvítengingu raforkuflutnings m.t.t afhendingaröryggis.	Jarðstrengurinn er settur inn á aðalskipulagið, þ.e. greinargerð og aðalskipulagsupprátt.
2.1	Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.	Oliúlögn	Á bls. 70 í greinargerðinni er oliúlögn frá Helgúvík að „Fuel East“ oliubirðastöðinni við Keflavíkurflugvöll sýnd á skýringarmynd. Lagt er til að helgunarsvæði oliulagnar innan marka Keflavíkurflugvallar verði fellt niður.	Mynd 27 bls. 70 í greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð m.t.t. athugasemdar, þ.e. oliúlögnin og helgunarsvæði hennar innan marka Keflavíkurflugvallar er fellt niður (tekin út) á kortinu.
2.2	Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.	Hæðartakmarkanir og hindranafletir Keflavíkurflugvallar	Á bls. 124 er setning: Öll slík mannvirki taki þó mið af almennum hæðartakmörkunum vegna Keflavíkurflugvallar og Veðurratsjár norðan flugvallar. Bæta þarf við hæðartakmörkunum og skilmálum sem ratsjár- og fjarskiptastöðin á Miðnesheiði setur á umhverfi sitt, sjá bls. 25 í svæðisskipulagi Suðurnesja dags. Nóvember 2012.	Á bls. 124 og 127 í greinargerð er bætt við vísun í ákvæði um hæð mannvirkja og hindranafleta, þ.e. vísun í ákvæði fyrir VÖ-1 bls. 130, VA-2 bls. 143 og hindranafleti flugvallar bls. 153.
2.3	Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.	Ratsjár- og fjarskiptastöðin á Miðnesheiði	Á bls. 130 er texti “ Ratsjárstöð á Miðnesheiði. Ratsjárstöð Landhelgisgæslunnar H1” Óskað er eftir að hluti textans þ.e. “Ratsjárstöð Landhelgisgæslunnar H1” sé fellt út úr textanum og í stað þess standi „ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins.”	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd.
2.4	Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.	Táknun Varnar- og öryggissvæða	Á skipulagsuppráttinu er í litapallettu litur fyrir Varnar- og öryggissvæði (VÖ). Hann er ekki notaður á öryggissvæði innan sveitarfélagsins. Ef ekki á að merkja umrædd svæði með lit, væri þá ekki eðlilegast að fella lit út úr litapallettu.	Skýringar á aðalskipulagsuppráttinu eru uppfærðar í samræmi við athugasemd.
2.5	Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.	Verslunar- og þjónustusvæði við Rósaselstorg	Svæði VP-9 liggur yfir oliúlögn frá Helgúvík til Keflavíkurflugvallar. Vakinn er athygli á því að áður en farið er í vinnu við nánara skipulag á þessu svæði er nauðsynlegt að eiga gott samráð við utanríkisráðuneytið og Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasvið um útfærslur nærri öryggissvæðinu.	Athugasemdin kallar ekki á viðbrögð á þessu stigi.
3.1	Hólmfríður Guðmundsdóttir.	Íbúðarbyggð	Undirritaður eigandi Kothúsaland sem ber landnúmer 204004 í landeignaskrá legg til og óska eftir og flokkun á hluta Kothúsaland verði breytt í vinnslu og samþykkt aðalskipulags sem nú er til kynningar. Landið er nú að hluta til skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði auk stakra lóða fyrir þegar byggð íbúðarhús. Óskað er eftir því að hluti af svæði neðan við/norðaustan við Garðbraut verði skilgreint sem íbúðarbyggð. Sjá merkingu svæðis á mynd hér að aftan. Umrætt landsvæði er merkt með gulri línu. Gangi þessi breyting eftir er það vilji minn að umrætt svæði verði í samvinnu við sveitarfélagið deiliskipulag þannig að hægt sé að byggja þarna upp íbúðarhverfi sem tæki gott tillit til þeirrar byggðar sem þegar er. Til þess að hægt væri að vinna þessa breytingu þyrfti að fjölga þeim íbúðum sem heimilt er að byggja á svæði ÍB-16.	Í aðalskipulagi er áfram er gert ráð fyrir dreifðri byggð á svæðinu. Afmörkun fyrir ÍB16 er þó breytt á þann hátt að gert er ráð fyrir fleiri íbúðum við Kothúsavag. Íbúðafjöldi innan ÍB16 yfirfarin með tilliti til breytts umfangs svæðis.
4.1	Hestamannafélagið Máni.	Reiðleiðir	Vantar reiðveg vestan við Mánagrund Það vantar á aðalskipulagsuppráttinn reiðveg sem er vestan við beitiland hestamannafélagsins og er hann töluvert notaður. Staðsetning hans er u.þ.b. merkt á myndina hér fyrir neðan með rauðu. Reiðvegur þessi er ekki uppbyggður heldur fer hann eftir eldri slóðum, gengum mel, grasbakka og endar svo við gamla hjalla við Helgúvíkurveg. Hestamannafélagið leggur mikla áherslu á að hér komi góður reiðvegur í allra nánustu framtíð og til þess að hægt sé að sækja um styrki í reiðveginn gegnum Landsamband Hestamanna og Vegagerðina þá verður reiðvegurinn að vera á skipulagi sem og aðrir reiðvegir. Lagt er til að reiðvegurinn verði eins langt frá	Aðalskipulagsuppráttur er uppfærður í samræmi við athugasemd, þ.e. að reiðleið verður afmörkuð vestan OP-11 í samræmi við athugasemd. Einnig er sett tenging við núverandi reiðleið við Garðskagaveg (norðan oliulagnar).



			nýjum Garðvegi og kostur er vegna slyshættu og fari í stað þess að mestu leiti vestan við og meðfram núverandi beitargirðingu.	
4.2	Hestamannafélagið Máni.	Reiðleiðir	Ósamræmi milli aðalskipulagsuppráttar og reiðvega LH Þegar borið er saman reiðvegir í kortasjá Landsambands Hestamanna (LH) og aðalskipulagsupprátturinn þá er þónokkuð ósamræmi á milli þeirra og er óskað eftir að þetta verði samræmt, yfirfarið og lagfært í öllu sveitarfélaginu. T.d. þá er reiðvegurinn nr. R109.09 ekki rétt sýndur á aðalskipulagsuppráttinum. Þetta er einn allra mest notaði reiðvegur hestamannafélagsins og fer hann t.d. ekki í gengum svæðið VP-4 eins og sýnt er á aðalskipulagsuppráttinum.	Á aðalskipulagsupprátti eru sýndir fleiri reiðleiðir en eru á kortasjá LH. Lega reiðleiða við Rósaselstorg er lagfærð m.t.t. athugasemda.
4.3	Hestamannafélagið Máni.	Reiðleiðir	Tenging reiðvegjar út í Garð við Árnarétt og Langholt Hestamannafélagið Máni er með um 320 félagsmenn en það er engin hestatengd ferðabjónusta á félagssvæði hestamannafélagsins í dag og er það ónýtt tækifæri fyrir sveitarfélagið og önnur sveitarfélög í nágrenninu. Ein aðal forsendan fyrir öryggi hestamanna, vexti hestamennsku og uppbyggingu hestatengdar ferðabjónustu eru góðir reiðvegir í fallegu umhverfi. Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu og Landsbankanum er talið að 166 þúsund ferðamenn hafi komið hingað til lands á síðasta ári út af íslenska hestinum og þeir hafi skilið eftir 70 milljarða (Morgunblaðið, 17. desember 2022, bls. 6). Það kemur því bæði hestamönnum og sveitarfélaginu til góða að leggja mun meiri áherslu á reiðvegagerð í sveitarfélaginu en hingað til og styðja uppbyggingu hestatengdar ferðabjónustu. Árnarétt er dæmi um fallegan áningarstað í Miðnesheiði sem hestamenn vilja heimsækja mun oftar og gera meira að miðpunkti í sínum reiðtúrum frá Mánagrund. Óskað eftir að það verði gert ráð fyrir reiðvegi frá núverandi reiðvegi út í Garð, eldri slóði lagaður sem reiðvegur og að Árnarétt. Tenging við Langholt frá er annað dæmi um fallegan áningarstað sem hestamenn vilja heimsækja mun oftar, þar er óskað eftir að komi reiðvegur frá núverandi reiðveg út í Garð.	Við Árnarétt er skilgreint grannsvæði og brunnsvæði vatnsverndar sbr. VB-2 og VG-1 á aðalskipulagsupprátti og ákvæði sem um svæðin gilda í greinargerð. Svæði á Miðnesi milli Sandgerðis og Garðs og norðan Rockville er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar, þ.e. VF-1. Í aðalskipulaginu er rík áhersla á að ávallt sé til staðar nýtanleg vatnsból sem getur þjónað vatnspörf íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu ef vatnsöflun þrýtur frá vatnsbólunni í Grindavík. Vatnsvernd á svæðinu gegnir því mikilvægu hlutverki fyrir Suðurnesjabæ og í dag er að jafnaði allt að helmingur neysluvatns í sveitarfélaginu tekið við Árnarétt. Suðurnesjabær telur að ný reiðleið frá núverandi reiðleið við Garð og að Árnarétt samrýmist ekki stefnu sveitarfélagsins um vatnsvernd og vísar þar sérstaklega til nálægðar við brunnsvæði vatnsverndar sem afmarkað er á aðalskipulagsupprátti, þ.e. VB-2 og ákvæði sem um það gilda í greinargerð aðalskipulagsins. Einnig er vísað til reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. hvað varðar takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan verndarsvæðanna. Af ofangreindum ástæðum telur Suðurnesjabær ekki mögulegt að gera ráð fyrir reiðvegi innan vatnsverndarsvæðis.
4.4	Hestamannafélagið Máni.	Reiðleiðir	Reiðvegur í átt að Rockville Mikil uppbygging í Reykjanesbæ hefur meðal orðið til þess að reiðvegur sem liggur frá Mánagrund og að Fitjum er mjög lítið notaður í dag miðað við það sem áður var, en áður var t.d. á oft hjá vatnstanki sem er skammt frá Rósaselstjörnum og hjá bröggum við lðavelli. Félagsmenn í Mána ríða að mestu leiti út í dag á skipulagssvæði Suðurnesjabæjar og vantar sárlega fleiri reiðvegi á skipulag og til framkvæmda í sveitarfélaginu. Lagt er til að settur verði reiðvegur á aðalskipulagsupprátt sem myndar stóran hring í átt að Rockville þannig að hann tengi saman: ÍP-1 – MP-1 – Árnarétt – einhver hentug staðsetning í átt að Rockville – MP-2 – ÍP-1.	Suðurnesjabær áréttar að á aðalskipulagsupprátti er gert ráð fyrir megin reiðleiðum og í auglýstri tillögu er afmörkuð reiðleið frá ÍP-1, meðfram Sandgerðisvegi og að Rockville. Suðurnesjabær hafnar alfarið að skilgreind verði í aðalskipulagi reiðleið frá Rockville að Árnarétt og vísar þar til svara við athugasemd Mána um það efni. Hins vegar er Suðurnesjabær reiðubúinn að skilgreina nýja reiðleið frá Rockville og til austurs og með þeim hætti mynda áhugaverða hringleið fyrir hestamenn til útreiða út frá ÍP-1. Eftir því sem kostur er verði fylgt gömlum slóðum á svæðinu og með þeim hætti komist hjá raski á landi.



5.1	Isavia.	Afmörkun Keflavíkurflugvallar	Afmörkun sem notuð er fyrir Keflavíkurflugvöll á mörgum kortum í greinargerð er ekki rétt. Svæði syðst vantar inn svo og svæði þar sem Keflavíkurflugvöllur gengur yfir Reykjanesbrautina. Þetta á við t.d. á bls. 8, 19, 30, 32 og víðar í greinargerð skipulagsins.	Kort í greinargerð eru uppfærð m.t.t. athugasemda.
5.2	Isavia.	Þjónusta á Keflavíkurflugvelli	Á bls. 48 í greinargerð er setning: Á Keflavíkurflugvelli, þ.e. í Leifsstöð er rekin fjölbreytt flóra verslana, s.s. sérsverslanir og lyfjaverslanir auk veitingastaða. Spurning er hvort þetta eigi heima í greinargerðinni þar sem stærstur hluti af þessari þjónustu er bundin við að menn séu innan haftasvæðis flugverndar og því ekki opið almenningi nema þeim sem eru á leið í eða úr flugi.	Umfjöllun um þjónustu á Keflavíkurflugvelli er sett fram í samhengi við stöðu og þróun atvinnulífs, vægi atvinnugreina og fjölbreytni atvinnulífs. Fjölmarginir íbúar í Suðurnesjabæ sækja vinnu á Keflavíkurflugvelli og gildir þá einu þó þjónustan sé ekki opin almenningi nema þeim sem eru á leið í eða úr flugi. Athugasemdin kallar ekki á frekari viðbrögð.
5.3	Isavia.	Oliulögn	Á bls. 70 í greinargerð er oliulögn frá Helguvík að Fuel East oliubirðastöð sýnd á skýringarmynd. Lagnir að FLE og Fuel West eru ekki sýndar. Rétt væri að sýna allar stofnlagnir eða fella niður lagnir innan Keflavíkurflugvallar.	Mynd 27 bls. 70 í greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð m.t.t. athugasemdar, þ.e. oliulögnin og helgunarsvæði hennar innan marka Keflavíkurflugvallar er fellt niður (tekin út) á kortinu.
5.4	Isavia.	Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar	Á bls. 78 er setningin: Á Keflavíkurflugvelli eru í gildi skipulagsreglur. Um það gilda skilmálar með takmörunum vegna hindrana, sbr. meðfylgjandi mynd. Að mati Isavia væri skýrara ef þar stæði: Á Keflavíkurflugvelli og í nágrenni hans eru í gildi skipulagsreglur. Um það gilda skilmálar með takmörunum vegna hindrana, sbr. meðfylgjandi mynd.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd, þ.e. að texti bls. 78 verður uppfærður á þann hátt að "Á Keflavíkurflugvelli og í nágrenni hans eru í gildi skipulagsreglur. Um það gilda skilmálar með takmörunum vegna hindrana..."
5.5	Isavia.	Hæðartakmarkanir og hindranafletir Keflavíkurflugvallar	Á bls. 124 er setning: Öll slík mannvirki taki þó mið af almennum hæðartakmörkunum vegna Keflavíkurflugvallar og Veðurradars norðan flugvallar. Eðlilegra er að bæta við radarstöðinni á Miðnesheiði sem setur hæðartakmarkanir á umhverfi sitt. Sambærilegt á við um fjarskiptamannvirki á bls. 127.	Á bls. 124 og 127 í greinargerð er bætt við vísun í ákvæði um hæð mannvirkja og hindranafleta, þ.e. vísun í ákvæði fyrir VÖ-1 bls. 130, VA-2 bls. 143 og hindranafletir flugvallar bls. 153.
5.6	Isavia.	Loftferðalög	Á bls. 79, 103 (x2), 104 og 153 er vísað í eldri loftferðalög.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd.
5.7	Isavia.	Loftferðalög	Vegna umfjöllunar um skipulagsreglur flugvallarins (bls. 78) vekur Isavia athygli á ríkari skyldum sveitarfélaga vegna þeirra en áður hefur verið sbr. 5. mgr. 147. gr. og 149. gr. ákvæði nýrra laga umloftferðir nr. 80/2022 auk þess sem gert er ráð fyrir auknu samráði vegna setningar þeirra.	Athugasemdin kallar ekki á viðbrögð á þessu stigi.
5.8	Isavia.	Vegir í náttúru Íslands	Möguleg teiknivilla: Kort á bls 164. Vegur nr. 25 (við oliulögn að KEF) Númer gæti verið á röngum stað ?	Viðauki greinargerðar aðalskipulagsins, þ.e. kort yfir vegi í náttúru Íslands, verður uppfærður í samræmi við athugasemd.
6.1	Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.	Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar	Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna að öðru leyti en því að vakin er athygli á að skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar gilda einnig út fyrir flugvallar- og öryggissvæði flugvallarins.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd, þ.e. að texti bls. 78 verður uppfærður á þann hátt að "Á Keflavíkurflugvelli og í nágrenni hans eru í gildi skipulagsreglur. Um það gilda skilmálar með takmörunum vegna hindrana..."
7.1	Kadeco.	Þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar	Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, hefur unnið drög að þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar í samvinnu við alþjóðlegt hönnunarteymi sem varð hlutskarpast í alþjóðlegu samkeppnisútbóði. Unnið er á grundvelli samkomulags „um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar“ milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Isavia, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar. Fulltrúar þessara aðila staðfestu samkomulagið þann 16. Desember 2019. Vísað er til samkomulagsins um helstu markmið, afmörkun starfssvæðis og fleiri atriði sem skipta máli í þessu samhengi, en þar kemur m.a. fram að aðilar að samkomulaginu vinni að aðalskipulagi og deiliskipulagi eftir því sem við á. Með gerð þróunaráætlunar, samþykkt aðalskipulags [sveitarfélaga og Keflavíkurflugvallar] og afgreiðslu deiliskipulags er grunnur lagður að öllum frekari hönnunar- og uppbyggingaráformum á þróunarsvæðinu til framtíðar (liður5, 1. mgr. kafli 4).	Athugasemdin kallar ekki á viðbrögð.





7.2	Kadeco.	Verslunar- og þjónustusvæði við Rósaselstorg og athafnasvæði við Rockville	Kadeco sendi inn umsögn í tólf liðum við vinnslutillögu aðalskipulagsins þann 11. apríl 2022. Drög að þróunaráætlun Kadeco voru á þeim tíma skammt á veg komin en engu að síður hægt að sjá að ríkur og góður sameiginlegur hljómgrunnur var á milli stefnumarkmiða vinnslutillögunnar og draga að þróunaráætlun Kadeco á þeim tíma og er þessu sjónarmiði haldið á lofti í umsögninni. Þó koma m.a. fram í umsögninni efasemdir Kadeco um gagnsemi þess að í nýju aðalskipulagi Suðurnesjabæjar sé skipulag verslunar- og þjónustusvæði í nánd við Rósaselstorg og athafnasvæði í Rockville en hvorugt þessara svæða er skilgreint sem uppbyggingarsvæði í drögum að þróunaráætlun. Samkvæmt auglýstri tillögu að aðalskipulagi Suðurnesjabæjar er á Rósaselssvæðinu gert ráð fyrir allt að 140 þúsund fermetrum af húsnæði í stórum skala undir rýmifreka verslunar- og þjónustustarfsemi af ýmsum toga, vöruhúsi, heildsölur og annað slíkt (VP-4 og VP-9) og minni dagvöruverslanir, hótél, skrifstofur, stofnanir o.fl. (VP-5). Það er ljóst að breytingin á svæðinu yrði mikil og hefði áhrif á allt byggðamynstur, framboð húsnæðis, samgöngukerfi og umhverfi á vestanverðum Reykjaneskaganum. Þarfagreining fyrir nýtt húsnæði, sem hönnunarteymi KCAP hefur unnið að í tengslum við þróunaráætlun Kadeco fyrir vöruhúsi og tengda starfsemi sé mun minni en þarna er tekið fram, og betur fyrir komið á tilgreindum uppbyggingarsvæðum sem hafa styrkleika gagnvart heildarhagsmunum verkefnisins. Þá er markvisst stefnt að því að uppbygging verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og stofnana verði í góðum tengslum við fyrirliggjandi byggð þar sem góðir möguleikar eru á að hún blandist við aðra fjölbreytta starfsemi þ.á.m. íbúðarbyggð, almenningsamgöngur og aðra atvinnustarfsemi. Þéttari og færri uppbyggingarsvæði eru vænlegri til árangurs sé litið til heildarhagsmuna svæðisins en hlutverk Kadeco er einmitt að líta heildstætt á þróunarsvæðið óháð einstaka hagsmunum flugvallar, ríkis (landeiganda) og sveitarfélaga. Að mati Kadeco er mikil hætta á að þessar fyrirætlanir geti haft þau áhrif að söga til sín mikið af verslun og þjónustu sem er þegar í dag annars staðar innan núverandi byggðar á vestanverðum Reykjaneskaganum, þar með talið Garði og Sandgerði, en einnig Reykjanesbæ, með tilheyrandi lengingu bílferða og enn lakari aðstæðum fyrir þá sem kjósa að ganga, hjóla eða nota almenningsamgöngur. Þróunaráætlun Kadeco er ætlað að snúa við miður góðri þróun síðustu áratuga í þessa átt, en ekki bæta á hana. Því er þó fagnað sem kemur fram í kafla 1.8 að gert sé ráð fyrir að aðalskipulagið verði samræmt við þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar þegar hún lítur dagsins ljós (3. mgr. bls. 11). Kadeco geti því vel stólað á skilning og samstarfsvilja Suðurnesjabæjar komi til þess að óskað verði eftir því að verslunar- og þjónustusvæðin við Rósaselstorg og athafnasvæðin við Rockville verði felld úr aðalskipulagi Suðurnesjabæjar, eins og líkur standa til, þegar vinnu við þróunaráætlunina er lokið og staðfesting frá aðilum samkomulagsins um gerð hennar hafa staðfest hana.	Suðurnesjabær áréttar að gert er ráð fyrir að aðalskipulagið verði samræmt við þróunaráætlun þegar hún liggur fyrir, enda gerir samkomulag Suðurnesjabæjar, Reykjanesbæjar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Isavia ráð fyrir að þróunaráætlun verði m.a. framfylgt í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar, Reykjanesbæjar og Keflavíkurflugvallar. Samræming skipulagsmála á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar og þróunaráætlunar kann að tengjast stefnu um verslunar- og þjónustusvæði við Rósaselstorg og athafnasvæði við Rockville sem vísað er til í umsögninni, en mögulega einnig öðrum ótilgreindum þáttum í skipulagi svæðisins. Suðurnesjabær vill því áréttar að eðlilegt ferli málsins sé að þróunaráætlun komi fram og hljóti samþykkt skv. fyrirliggjandi samkomulagi. Að því loknu verði tekið til við að breyta aðalskipulagi fyrir umrætt svæði.  Að öðru leyti kallar athugasemdin ekki á viðbrögð á þessu stigi.
7.3	Kadeco.	Keflavíkurflugvöllur og nærsvæði hans	Vakin er athygli á að í kafla 8.3 um Keflavíkurflugvöll er fjallað um atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu sbr. samkeppni um þróun svæðisins til ársins 2050 á vegum Kadeco Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Vill Kadeco benda á að þessi framsetning er eilítið villandi, þar sem svæðið sem þróunaráætlun Kadeco nær til er umtalsvert stærra en svæði Keflavíkurflugvallar og er í meginráttum nærsvæði flugvallarins, og ekki flugvallarsvæðið sjálft. Lagt er til að eftirfarandi setningu verði breytt svo: „Áform eru um frekari atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu sbr. samkeppni um þróun svæðisins...“ í „Áform eru um frekari atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu skv. aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og nærsvæði flugvallarins í þróunaráætlun sem unnið er að“.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd, þ.e. að texti í kafla 8.3 bls. 48 verður uppfærður á þann hátt að „Áform eru um frekari atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu skv. aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og nærsvæði flugvallarins í þróunaráætlun sem unnið er að“.
7.4	Kadeco.	Stefna um atvinnu	Í kafla 8.5 er lagt til að í umfjöllun um útfærslu stefnu verði Isavia og Reykjanesbær tilgreindir sem aðilar sem Suðurnesjabær vinni með um uppbyggingu atvinnustarfsemi á og við Keflavíkurflugvöll og Helgúvíkursvæðinu, enda snertir uppbyggingin þessa aðila mjög náið.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd, þ.e. í kafla 8.5 eru Isavia og Reykjanesbær tilgreindir sem aðilar sem Suðurnesjabær vinnur með við uppbyggingu atvinnustarfsemi á og við Keflavíkurflugvöll og á Helgúvíkursvæðinu.
7.5	Kadeco.	Íþróttasvæði sunnan Bergvíkur	Bent er á að í drögum að þróunaráætlun Kadeco er lagt til að svæðið sem í dag er merkt Íþ-1 geti falið í sér tækifæri til uppbyggingar á ferðamennsku sem tengist dýrum, einkum hestum og hugsanlega sem miðstöð fyrir undirbúning á útflutningi á íslenskum hestum með flugi. Svæðið er í nánnum tengslum við svæði Hestamannafélagsins Mána í Reykjanesbæ, góðar vegtengingar, Helgúvík og flugvöllinn. Ákvæði í skipulagstillögunni er í góðum takti við þessar ábendingar, en huganlega mætti útvíkka heimildir fyrir atvinnustarfsemi á svæði Íþ-1 í þágu	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð í samræmi við athugasemd, þ.e. ákvæði fyrir Íþ-1 er uppfærð m.t.t. þessa þannig að svæðið rúmi einnig starfsemi tengda ferðaþjónustu og atvinnustarfsemi sem tengist meðhöndlun dýra, svo og inn- og útflutning á dýrum. Jafnframt er svæðið stækkað til vesturs. Nánari samræming á hugmyndum þróunaráætlun Kadeco við aðalskipulagið býður þess að þróunaráætlun líti dagsins ljós.





			ferðamennsku og atvinnustarfsemi sem tengist meðhöndlun dýra inn- og útflutning á dýrum, og jafnvel stækka svæðið til vesturs frá því sem nú er sýnt á uppdrætti. Kostur gæti verið að samræma hugmyndir aðalskipulagsins og Þróunaráætlun Kadeco þegar vinna telst lokið hvað varðar svæðið ÍP-1.	
7.6	Kadeco.	Göngu- og hjólaleiðir	Vakinn er athygli á að á mynd 28 með heitið Núverandi göngu- og hjólaleiðir eru sýndar göngu- og hjólaleiðir sem ekki virðast vera til staðar í dag, t.d. meðfram Garðvegi og Sandgerðisvegi. Æskilegt væri að ganga úr skugga um að sýna ekki meira en er til staðar í dag skv. heiti myndarinnar. Að öðru leyti fagnar Kadeco því hvað göngu- og hjólaleiðir fá mikla athygli og ítarlega umfjöllun í skipulagstillögunni. Góður samhlómur er milli tillögunnar og hugmynda um göngu- og hjólastíga í drögum að Þróunaráætlun Kadeco. Kostur gæti verið að samræma hugmyndir aðalskipulagsins og Þróunaráætlunarinnar þegar vinna við hana telst lokið hvað varðar göngu- og hjólaleiðir. Þó skal strax bent á að kostur gæti verið að göng- og hjólastígur merktur VE-GH-8 liggi alla leið að þéttbýlinu í Reykjanesbæ, og ekki eingöngu að Keflavíkflugvelli eins og sýnt er.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð á þann hátt að myndatexti með mynd 28 verður uppfærður þannig að einnig sé um að ræða upplýsingar skv. eldra aðalskipulagi.  Aðalskipulagsuppdráttur er uppfærður á þann hátt að göngu- og hjólastígur VE-GH-8 er lengdur til austurs með Sandgerðisvegi og Miðnesheiði að Reykjanesbæ við ÍP-1.
7.8	Kadeco.	Þjóðvegir	Vakinn er athygli á að aðalskipulagsuppdrætti er sýnd hugmynd að nýjum þjóðvegi, líklega færslu á Garðsskagavegi (þjóðveg 45) til vesturs, tilgreindur sem VE-SV-5, en lítið er fjallað um þennan nýja þjóðveg í greinargerð aðalskipulagsins, t.d. hvort hann sé í samræmi við fyrirætlanir Vegagerðarinnar fyrir þjóðveganeitið á vestanverðum Reykjaneskaga. Í því sambandi er vakinn athygli á að greining ráðgjafa hönnunarteymis KCAP fyrir Þróunaráætlun Kadeco bendir ekki til að þörf sé á nýrri vegtengingu til norðurs á leiðis að Helgúvík eða lengra til norðurs í anda þess sem sýnt er þéttbýlisuppdrættinum sem nýr vegur VE-SV-5.	Suðurnesjabæ er ekki ljóst til hvaða greiningar Kadeco er að vísa eða hvar hún er skjalfest. Vegurinn sem vísað er til, VE-SV-5, er nýr vegur sem var í eldra aðalskipulagi. Í samráðsferli við vinnslu aðalskipulagsins fékk Vegagerðin vinnslutillögu aðalskipulagsins til umsagnar auk þess sem Suðurnesjabæ fundaði með fulltrúum Vegagerðarinnar 11. apríl 2022 í tengslum við vinnslutillöguna. Í umsögn Vegagerðarinnar við vinnslutillöguna og á fyrrgreindum fundi komu ekki fram athugasemdir við þennan nýjan veg að Garði (VE-SV-5).  Athugasemdin kallar að örðu leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
7.9	Kadeco.	Óbyggð svæði	Hvatt er til að fyrir svæðið ÓB-1, óbyggt svæði, verði heimilt og hvatt til að græða land og rækta skóg, en það er í samræmi við ásetning í Þróunaráætlun Kadeco fyrir land umhverfis Keflavíkflugvöll og í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda um að auka landgæði og skóga á Íslandi.	Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir ÓB-1 eru uppfærð í samræmi við athugasemd. Bætt verður inn ákvæði með heimild til vistheimtar og skóggræktar á svæðinu, en slíkar landbætur stuðli að líffræðilegum fjölbreytileika.
7.10	Kadeco.	Þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkflugvallar	Samstarf Kadeco, Keflavíkflugvallar og sveitarfélaganna á vestanverðum Reykjaneskaga er einstakt á landsvísi og tækifæri sem felast í sameiginlegri sýn er til þess fallin að stuðla að jákvæðri þróun svæðisins til framtíðar. Niðurstöður vinnu við fullnaðarmótun Þróunaráætlunar Kadeco verða leiðarljós fyrir þessa til hagnýtingar og uppbyggingar byggt á heildarsýn til handa íbúum Suðurnesja um ókomna framtíð.	Athugasemdin kallar ekki á viðbrögð.
8.1	Umhverfisstofnun.	Sérstök vernd náttúruverndarlaga	Sérstök vernd náttúruverndarlaga Í greinargerð segir að sýnd séu á þemauppdrætti um náttúruvernd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, t.d. votlendi, sjávarfitjar og leirur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, ákvæði laganna og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina. <sup>1</sup> Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, séu sýnd á þemauppdrætti. Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndarlaga. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruverndarlaga, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef landnýtingaráætlunin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.	Vísað er til þess að mynd 12 bls. 32 í greinargerð aðalskipulags sýni svæði sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og þar á meðal eru stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Bætt er inn texta í kafla 4.3 Náttúruverndarsvæði þar sem fjallað er um vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, ákvæði laganna og réttaráhrif svæða sem falla undir greinina.



8.2	Umhverfisstofnun.	Þróun þéttbýlis	Þróun þéttbýlis og uppbygging Í umhverfismati eru skoðaðir valkostir varðandi þróun þéttbýlis. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í umhverfisskýrslunni að líta beri á nálægð við náttúruna og verndarsvæði sem styrkleika frekar en veikleika. Með þéttingu byggðar er m.a. verið að leggja áherslu á uppbyggingu á þegar röskuðum svæðum og að byggð þenjst ekki út á óröskuð svæði með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að horft sé til þess að verndar- og útivistarsvæði sveitarfélagsins er við ströndina. Því er mikilvægt að lögð sé áhersla á við gerð tillögunnar að þróun þéttbýlisins taki mið af því og að uppbygging þéttbýlis leiti ekki í átt að náttúruverndarsvæðum. Frekari uppbygging innan verndarsvæða mun hafa neikvæð áhrif á þau að mati stofnunarinnar.	Suðurnesjabær tekur undir þær áherslur sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar að þróun þéttbýlisins taki mið af því og að uppbygging þéttbýlis leiti ekki í átt að náttúruverndarsvæðum. Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um að nýta svæði innan núverandi byggðar undir íbúðarbyggð, en nýjum íbúðarsvæðum er valin staður með tilliti til viðmiða um hagkvæma uppbyggingu, tengsla við núverandi byggð og m.t.t. náttúruverndarsjónarmiða og menningarminja. Í þeim tilvikum sem t.d. er fyrirhuguð uppbygging við ströndina eru sett inn ákvæði um að forðast skuli að raska vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi á svæðinu, auk ákvæða hverfisverndar.  Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
8.3	Umhverfisstofnun.	Akstur vélknúinna ökutækja utan vega	Umferð í fjöru Í greinargerð á bls. 150 segir að umferð vélknúinna ökutækja sé bönnuð í fjörum innan hverfisverndarsvæða, nema með sérstöku leyfi bæjaryfirvalda. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að akstur vélknúinna farartækja utan vega er bönnuð sbr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Því er mikilvægt að litið sé til 31. gr. náttúruverndarlaga við gerð tillögunnar.	Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð á þann hátt að setningin „Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð í fjörum, nema með sérstöku leyfi bæjaryfirvalda“ er tekin út enda er hún óþörf.
8.4	Umhverfisstofnun.	Takmörkun á landnotkun	Takmarkanir á landnotkun Í kafla 23 í greinargerð er fjallað um takmarkanir á landnotkun. Umhverfisstofnun bendir á að í 6.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er skylt að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni. Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríka, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun. Þessi svæði eru á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.	Takmörkun á landnotkun er varðar friðlýst svæði og svæði sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum er annars vegar sett fram sem önnur náttúruvernd og hverfisvernd náttúruminja. Öll strandlengja í sveitarfélaginu er háð takmörkun á landnotkun vegna þessa. Að mati Suðurnesjabæjar eru þessar takmarkanir fullnægjandi miðað fyrirliggjandi upplýsingar um náttúruminjar á svæðinu og upplýsingar úr náttúruminjaskrá. Í Suðurnesjabæ er ekki um að ræða svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.  Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
8.5	Umhverfisstofnun.	Fráveita	Fráveita Í kafla 16.1 í greinargerð með aðalskipulagi er gerð grein fyrir tengdum heimsmarkmiðum. Umhverfisstofnun bendir á að markmið nr. 6 um hreint vatn og hreinlætisaðstöðu fellur hér vel að en markmiðið er að tryggja hreint vatn og sjó með því að draga úr losun á mengandi efnum, s.s. vegna óhreinna skólps. Markmiðið fellur einnig vel að kafla 7.3 um neysluvatn. Umhverfisstofnun bendir á að bæði þéttbýlin losa undir 2.000 persónueiningar af skólpi (skv. Stöðuskýrslu fráveitumála á Íslandi 2018) og er því krafa um viðeigandi hreinsun á skólpi samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi. Hvorugt þéttbýlið, Garður eða Sandgerði, uppfylla kröfur reglugerðarinnar um hreinsun og úr því þarf að bæta sem fyrst með tímasettum áætlunum. Umhverfisstofnun bendir einnig á að einstaka hús, sem ekki eru tengd fráveitakerfi sveitarfélags, skulu hafa tveggja þrepa hreinsun. Rotþró ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun. Undir útfærsla stefnu í kafla 16.8 væri gott að setja fram tímasetta áætlun um úrbætur í fráveitu, þ.e. hreinsun á skólpi. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að skv. 15. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi á heilbrigðisnefnd að samþykka nýjar og endurbættar fráveitur.	Unnið er að endurnýjun á starfsleyfi fyrir fráveitu í sveitarfélaginu og samhliða því mun liggja fyrir tímasett áætlun í samráði við HES fyrri hluta árs 2023.
8.6	Umhverfisstofnun.	Umhverfismat	Heimsmarkmið Í töflu 2.2 í umhverfismati má benda á að fyrir umhverfisviðmið Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess vantar tilvísun í heimsmarkmið sem væri t.d. nr. 6. Sama á við Umhverfi hafsins og auðlindir þess sem gæti einnig verið heimsmarkmið nr. 6. hvað varðar að draga úr mengun í vatni og sjó.	Tilvísun í heimsmarkmiðin verður bætt inn í töflu yfir umhverfisviðmið í umhverfisskýrslu.



8.7	Umhverfisstofnun.	Mengaður jarðvegur	<p>Mengaður jarðvegur</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2021 skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun.</p> <p>Í greinargerð á bls. 143, þar sem fjallað er um varúðarsvæði VA-1, segir að þar séu gamlir sorphaugar og svæði þar sem var urðað asbest og gæta skal varúðar við landnotkun og nýtingu lands, m.a. vegna mögulegrar grunnvatnsmengunar og asbestsryks. Óheimilt er að raska landi eða hreyfa jarðveg á svæðinu, nema með leyfi yfirvalda.</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar er alltaf óheppilegt að eiga við gamla urðunarstaði og því ætti að standa: Gamlir sorphaugar og svæði þar sem var urðað asbest. Óheimilt er að raska landi eða hreyfa jarðvegi á svæðinu, nema með leyfi yfirvalda.</p>	<p>Suðurnesjabær tekur mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2021, þegar skráin liggur fyrir.</p> <p>Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.</p>
8.8	Umhverfisstofnun.	Stjórn vatnamála	<p>Stjórn vatnamála</p> <p>Í greinargerð með aðalskipulagi bendir Umhverfisstofnun á að í kafla 7.3 um neysluvatn kemur fram að vatnaáætlun sé í kynningarferli en hið rétta er að hún var staðfest 4. apríl 2022 og gildir næstu sex árin. Vatnshlot hafa verið afmörkuð (ekki flokkuð) og eru þrjú á skipulagssvæðinu. Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 nr. 104-115-G, árósarhlotið Ósar við Hafnir nr. 104-81-T, strandsjárhlotið Hafnir að Gróttu nr. 104-1382-C.</p> <p>Meginmarkið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki.</p> <p>Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) er á áætluðu framkvæmdasvæði, en neysluvatn til íbúa og iðnaðar á svæðinu er fengið úr vatnshlotinu. Þar sem vatnshlotið hefur verið flokkað í hættu, vegna slæms efnafræðilegs ástands, hvetur Umhverfisstofnun til áframhaldandi vöktunar og reglubundinna sýnatöku forgangsefna úr neysluvatni á svæðinu, skv. reglugerð nr. 535/2011. Vöktun og upplýsingar um drykkjarvatn á svæðinu er mikilvæg fyrir hinn almenna notanda.</p>	<p>Greinargerð aðalskipulagsins er uppfærð m.t.t. stöðu vatnaáætlunar, þ.e. kafla 7.3 er uppfærður hvað varðar stöðu vatnaáætlunar.</p> <p>Suðurnesjabær tekur undir mikilvægi áframhaldandi vöktunar og reglubundinna sýnatöku forgangsefna úr neysluvatni á svæðinu, skv. reglugerð nr. 535/2011.</p>
9.1	Íbúar í Nátthaga.	Íbúðarbyggð	<p>Fundur félags íbúa í Nátthaga var haldinn fyrir viku, þ.e. mánudagskvöldið 12. desember og var eftirfarandi ályktun samþykkt:</p> <p>Ályktun íbúa í Nátthaga í Suðurnesjabæ</p> <p>Í tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Suðurnesjabæ fyrir árin 2022-2034 kemur fram að í Nátthaga verði frístundabyggð og að þar verði föst búseta óheimil.</p> <p>Okkur íbúum í Nátthaga er meinað að taka þátt í samfélaginu í Suðurnesjabæ t.d. með aðgangi að þjónustu sem bærinn veitir og jafnframt er okkur meinaður sá grundvallarréttur að taka þátt í kosningum um stjórn samfélagsins. Föst búseta er nú þegar heimil hjá einstökum íbúum Nátthaga og jafnframt er heimil búseta á lögbylum í Suðurnesjabæ sem eru um 60 og dreifast um allt sveitarfélagið.</p> <p>Jafnræðissjónarmið styðja því kröfur okkar íbúa í Nátthaga um að fá að skrá fasta búsetu á heimili okkar í Nátthaga.</p> <p>Mörg okkar hafa skráð lögheimili okkar hjá vinum og vandamönnum í Suðurnesjabæ eða í öðrum sveitarfélögum þar sem heimili okkar er ekki. Það varðar refsingu skv. lögum um lögheimili nr.80/2018. Það særir okkur að sum okkar sem þarna búum höfum þurft að fara þessa leið.</p> <p>Við íbúar í Nátthaga krefjumst þess að aðalskipulaginu verði breytt á þann hátt að okkur verði gert kleift að tilheyra samfélagi manna í Suðurnesjabæ og fáum að skrá búsetu okkar á raunverulegu heimili okkar í Nátthaga í Suðurnesjabæ, en verðum ekki lengur hafðir utangarðs.</p> <p>Suðurnesjabæ, 12. desember 2022.</p> <p>Undirritað af íbúum. (sjá viðhengi)</p> <p>Sjá viðhengi frá lögfræðingi og jafnframt viðhengi varðandi beiðni um endurskoðun á aðalskipulagi fyrir Nátthaga.</p>	<p>Vísad er til ályktunar íbúa í Nátthaga og fylgiskjala með athugasemd þeirra. Suðurnesjabær telur marga annmarka á því að breyta fyrirliggjandi tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 á þann hátt sem lagt er til í athugasemdinni, þ.e. að frístundabyggð við Nátthaga (við Þóroddsstaði) verði breytt í íbúðabyggð.</p> <p>Í tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034, svo og í gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030 og Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024, er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð verði innan marka þéttbýlis. Suðurnesjabær telur að ekki séu forsendur fyrir því að breyta stefnu sveitarfélagsins um íbúðarbyggð eins og lagt er til í athugasemd íbúa í Nátthaga, þ.e. að ekki séu forsendur fyrir því að marka stefnu um nýja íbúðarbyggð (sbr. 6.2. gr. skipulagsreglugerðar) utan þéttbýlis. Stefna sveitarfélagsins er að íbúðarbyggð skuli vera í þéttbýli. Heimild til byggingar íbúða í dreifbýli er á landbúnaðarsvæðum og skal hún takmarkast við að hámarki tvö íbúðarhús á jörð á jörðum 30 ha eða stærri.</p> <p>Suðurnesjabær bendir einnig á að það skorti fjölmargar tæknilegar forsendur og lagaskilyrði fyrir því að breyta frístundabyggð í Nátthaga í íbúðarbyggð í aðalskipulagi. Í því sambandi bendir sveitarfélagið á að veitur og vegir á svæðinu uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíkra innviða í íbúðarbyggð og óvíst er hvort frístundahús á svæðinu uppfylli kröfur byggingarreglugerðar til íbúðarhúsnæðis. Sveitarfélaginu er ekki kunnugt um að úttekt á þessum þáttum hafi farið fram, svo sem hvort mögulegt er að breyta núverandi frístundahúsum á svæðinu svo að þau uppfylli þessar kröfur. Einnig vakna spurningar um kostnað fasteignaieganda og sveitarfélagsins vegna breytingar frístundabyggðarinnar í íbúðarbyggð, ef af yrði. Auk þess skal bent á að ekki er hægt að skilgreina blandaða íbúðar- og frístundabyggð, enda geri skipulagslög og –reglugerð ekki ráð fyrir slíkri landnotkun.</p> <p>Beiðni íbúa í Nátthaga um að frístundabyggð í Nátthaga (við Þóroddsstaði) verði breytt í íbúðabyggð er hafnað. Sveitarfélagið mun þó ekki andmæla lögheimilisskráningu á svæðinu, kjósi eigendur að skrá lögheimili í sínum frístundahúsum og ef lög heimila skráningu lögheimils á frístundahúsasvæðum.</p>



10.1	Reykjanesbær.	Íbúðarbyggð	Húsnæðisþörf er miðuð við breytilega spá um íbúafjölgun sem sveiflast frá 0,63% í upphafi tímabils að 1,9% til loka tímabilsins. Í lok spátímabilsins sem nær til ársins 2034 er gert ráð fyrir heildarfjölgun um 800 manns. Sú mannfjöldaspá endurspeglar engan veginn áætlanir um fólksfjölgun vegna uppbyggingar og vaxtar Keflavíkurflugvallar sem staðsettur er innan sveitarfélagamarka Suðurnesjabæjar og myndar því þrýsting á nærsveitarfélög til að bregðast við.	Vísað er til þess sem kemur fram í kafla 3.5 í greinargerð um íbúðarþróun og mannfjöldaspá til næstu 12 ára, en þar kemur m.a. fram að spá um íbúðarþróun til loka skipulagstímabilsins sé háð mikilli óvissu, en miðað er við miðspá Hagstofu Íslands. Samkvæmt því er gert ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa í aðalskipulagi og húsnæðisáætlun. Að sama skapi hefur sveitarstjórn skapað sveigjanleika í aðalskipulagi með áfangaskiptingu á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og skilgreiningu nýrrar íbúðarbyggðar. Þar er gert ráð fyrir áfangaskiptingu á uppbyggingu 600 íbúða á skipulagstímabilinu. Þessi uppbygging, ef hún gengur eftir, getur rúmað talsvert meiri fjölgun íbúa en þeirra 800 manna sem mannfjöldaspáin gerir ráð fyrir. Auk þess er í aðalskipulagi svigrúm fyrir um 700 íbúðum til viðbótar með skilgreiningu nýrra íbúðarsæða en ekki er gert ráð fyrir að uppbygging þeirra komi til framkvæmda á skipulagstímabilinu.  Suðurnesjabær telur áætlun um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til næstu 12 ára vera raunhæfa og gefa möguleika á að standa vel að uppbyggingunni svo sem hvað varðar innviði og leik- og grunnskóla. Hvað varðar athugasemd um að vöxtur Keflavíkurflugvallar og nærsvæðis hans myndi þrýsting á nærsveitarfélög hvað varðar íbúðarhúsnæði þá er það sameiginlegt viðfangsefni sveitarfélaganna við Keflavíkurflugvöll. Að mati Suðurnesjabæjar er Svæðisskipulag Suðurnesja það verkfæri sem hægt er að beita til að samræma uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu.  Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
10.2	Reykjanesbær.	Verslunar- og þjónustusvæði við Rósaselstorg	Á verslunar- og þjónustusvæðum við Rósasel er gert ráð fyrir allt að 140 þúsund m <sup>2</sup> uppbyggingu rýmisfrekrar verslunar og þjónustustarfsemi, almennra skrifstofa og matvöruverslana. Ætla má að til viðbótar fari um 50 þúsund m <sup>2</sup> í götur og bílastæði en óheimilt verður að raska Rósaselsvötnum með því að veita yfirborðsvatni í þau en á sama tíma verði lögð áhersla á blágrænar lausnir. Staðsetning verslunar og þjónustusvæða við Rósasel samræmist ekki vel stefnu sveitarfélagsins eins og hún er sett fram í kaflanum Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf og lögð er áhersla á lýðheilsusjónarmið og íbúar geti ferðast fótgangandi (sjá bls. 51) og ítrekað er í kafla um samgöngur á bls. 80. Ekki er að sjá á uppdráttum að svæðið tengist fráveitu eða öðrum innviðum sveitarfélagsins annarra en þjóðvega.	Vísað er til þess sem kemur fram í svari við umsögn Kadeco um samræmingu skipulagsmála á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar þegar Þróunaráætlun Kadeco liggur fyrir. Jafnframt er vakin athygli á að við endurskoðun aðalskipulagsins hefur umfang verslunar- og þjónustusvæða við Rósaselstorg verið minnkað umtalsvert.  Hvað varðar innviði á svæðinu þá er liggja stofnlagnir vatns- og rafveitu vel við svæðinu. Hvað varðar fráveitu er gert ráð fyrir sjálfbærum innviðum á verslunar- og þjónustusvæðum norðan Keflavíkurflugvallar sbr. almenn ákvæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði. Í því felst að fráveita er ekki leidd til sjávar líkt og hefðbundið er, heldur byggðar hreinsistöðvar.  Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
11.1	Unnar Már Magnússon.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirritaður geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu...	Vísað er til athugasemdar þar sem óskað er eftir að hverfisvernd verði tekin af hluta af Bræðraborgarlandi. Þar kemur m.a. fram að landeigendur ætli að nýta sitt land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun. Í tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034, svo og í gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030, er m.a. sett fram stefna um íbúðarbyggð í þéttbýli, opin svæði og takmörkun á landnotkun þar sem rík áhersla er lögð á hagkvæmt byggðamynstur, móttun bæjarrýmis og vandað yfirbragð hverfa og bygginga með vönduðu deiliskipulagi og hönnun. Í ákvæðum fyrir íbúðarsvæði austan Útskála að Gerðavegi (ÍB-3) kemur m.a. fram að taka þurfi tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Ákveðið götumynstur er samsíða Garðbraut og Skagabraut sem styrkja má með stökum 1 - 2ja hæða húsum. Svæðið austan Útskála að Gerðavegi (ÍB-3) er innan hverfisverndarsvæða HV-5 og HV-7 og næst ströndinni er takmörkun á landnotkun í annarri náttúruvernd (ÖN-1). Allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar og eftir atvikum annarrar náttúruverndar. Svæði HV-5 tekur til hverfisverndar á fjórum vegna einstaks lífríkis og fjölskrúðugs fuglalífs. Svæði HV-7 er hverfisvernd á búsetulandslagi og menningarminja þar sem m.a. þarf að taka tillit til fornleifa við allar framkvæmdir á svæðinu og horfa til heildarmyndarinnar, þar sem oft á tíðum er um að ræða mikilvægar búsetuminjar. Uppbygging og endurgerð húsa og mannvirkja skal stuðla að heildaryfirbragði á svæðinu um leið og dregin er fram sérstaða þess. Viðbyggingar falli vel að fyrirbyggjandi byggð og umhverfi og taki mið af svipmóti byggðar og hlutföllum. Lagfæringar og endurbætur verði gerðar með hliðsjón af upphaflegri gerð. Ómeðhöndluð opin náttúrusvæði verði varðveitt eins ósnortin og kostur er. Fornleifar verði nýttar á lifandi hátt inn í umhverfið. Svæði sem falla undir aðra náttúruvernd eru svæði á náttúruminjaskrá og njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Verndunin tekur m.a. til fjölbreytts strandgróðurs og ýmissa fjöruvistgerða, lífauðuga sjávartjarna og fuglalífs. Suðurnesjabær bendir á að í tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034, svo og í gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030, er rík áhersla á að viðhalda ákveðnu búsetulandslagi og taka tillit til náttúru- og menningarminja á svæðinu og að við allar framkvæmdir á svæðinu verði horft til heildarmyndarinnar. Í því felst m.a. að uppbygging og endurgerð húsa og mannvirkja stuðli að heildaryfirbragði á svæðinu um leið og dregin sé fram sérstaða þess. Ómeðhöndluð opin náttúrusvæði verði varðveitt eins ósnortin og kostur er. Suðurnesjabær telur að þessi stefna í aðalskipulagi, sem nær til þess hluta Bræðraborgarlands sem um ræðir, sé mikilvæg og að það þurfi að vera skýrar forsendur fyrir því að breyta þessari stefnu um landnotkun eða aflétta takmörkun á landnotkun á svæðinu. Suðurnesjabær telur að í erindi landeigenda Bræðraborgarlands hafi ekki verið sýnt fram á þörf fyrir að létta af hverfisvernd á svæðinu eða hvernig áformuð nýting á landinu fellur að stefnu sveitarfélagsins um búsetulandslag, vernd náttúru- og menningarminja, byggðamynstur, heildaryfirbragð, staðaranda og ásynnd byggðar á svæðinu. Auk þess telur Suðurnesjabær að huga þurfi að hæðarlegu nýrrar uppbyggingar á Bræðraborgarlandi, ef til hennar kemur, svo og aðkomu að nýjum íbúðum og



				grenndaráhrifum gagnvart núverandi byggð á svæðinu. Beiðni landeigenda Bræðraborgarlands um að hverfisvernd verði tekin af hluta Bræðraborgarlands er hafnað. Á hinn bóginn er bent á að takmörkuð uppbygging íbúðarhúsnæðis á Bræðraborgarlandi gæti fallið að hverfisvernd svæðisins, þ.e. að því gefnu að uppbyggingin taki tillit til náttúru- og menningarminja á svæðinu og megin stefnu um yfirbragð byggðarinnar á svæðinu austan Útskála að Gerðavegi.
12.1	Björgvin Magnússon.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirritaður geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu...	Vísað er til svars 11.1.
13.1	Sigfús Kristvin Magnússon.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirritaður geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu...	Vísað er til svars 11.1.
14.1	Hreinn Rafnar Magnússon.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirritaður geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu...	Vísað er til svars 11.1.
15.1	Kristvina Magnúsdóttir.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	... undirritað geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu.	Vísað er til svars 11.1.
16.1	Magnea Björk Magnúsdóttir.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirrituð geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar landið þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu við Minjastofnun. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar í þessari tillögu.	Vísað er til svars 11.1.
17.1	Gunnar M. Magnússon.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirritaður geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu...	Vísað er til svars 11.1.
18.1	Sigurður Helgi Magnússon.	Hverfisvernd á Bræðraborgarlandi	...undirritaður geri hér með athugasemd vegna hverfisverndar yfir Bræðraborgarlandi, við landeigendur ætlun að nýta okkar land, þó þannig að helstu fornminjar fái að njóta sín í samráði við Minjastofnun og höfum verið í samvinnu með það. Því óska ég eftir því að hverfisvernd verði tekin af landi okkar á þessari tillögu...	Vísað er til svars 11.1.





19.1	Claudia Gockel.	Sjövörn	<p>Sjövörn: at Nýlenda í Hvalsnehverfi the map says „sjövörn komin“, but that is not right! A dyke has been built in 2021, but the form technically does NOT prevent severe flooding of Nýlenda. I mentioned my concerns during the construction and was told by Einar Friðríksson, Suðurnesjabær and Petur Sveinsson, Vegagerðin, that „it will work and if not, we will extend it/ improve it and help you to let the saltwater float out of your land, but it will not be necessary“ After severe flooding of seawater on 6.1. 2022 I still wait for the project being finished and effective and help to let the water float out. The draw of the aðalskipulag says, ræktad land in Nýlenda and Hvalsnes is not usable, but no houses are affected. That is wrong! Hvalsnes is not affected, the hey is cut like every year without any problem. In Nýlenda, ræktad land AND house are damaged/ affected. Seawater killed the grass and it is too wet for any hey making in summer, the water cannot leave due to erosion and due to being flooded many years in a row, without an exit for the water. It dries in very dry summers only. Underneath is sheer lava, the water cannot disappear into the ground. Furthermore the house stands in water and is highly in danger of destruction. This all despite the building of the sjövörn in 2021. I will let a foto follow. because of the house it is the most urgent case. Nowhere else in the municipality a house is flooded regularly. It even got worse because of the street the contractor filled up to be solid enough for the many truckloads of material for the sjövörn from Lönd over Skinnalón and Bursthúsis down to Nýlenda, hindering the water to float out its natural way.</p>	<p>Almennt er vísað til Vegagerðarinnar um útfærslu framkvæmda við sjóvarnir við Hvalsnes. Í tillögunni er svæðið sem um ræðir skilgreint sem náttúruvársvæði, þ.e. NV-7. Sem viðbrögð við athugasemdinni er sjövörnin lengd til vesturs á aðalskipulagsupprætti.</p>
19.2	Claudia Gockel.	Verslum og þjónusta	<p>Verslum og þjónusta: ræktad land in this area, Hvalsnes, is of high natural and cultural value, and therefore protected as pointed out in the first draw of the aðalskipulag. It is not possible to change that. The map shows a new area for verslum og þjónusta in Hvalsnes, 7000 m2 in size, which seems to be quite big and on ræktad land. A detailed map from Hvalsnes would be helpful. The new version and þjónusta hverfi of Hvalsnes can easily be overseen (for the benefit of the landowners?) I will add a picture in order to visualize it. No new roads nor buildings can be built on historical ræktad land. Additional buildings on farms should be smaller than 100 m2 and only one additional house per farm is allowed, the first draw of the aðalskipulag says (regulations about landbúnaðarsveiði). This is important and seems to be taken out of the new draw. When a business is started on Hvalsnes, the place of the former útihús should be used and for the driveway to it the owner should invest himself and not let the municipality pay for his benefit. Furthermore there is, beside a road suitable for business traffic, also no proper infrastructure to serve many people at high frequency (electricity/ dirt water/ freshwater ....). Additionally there is a habitat of nesting seabirds close by. It is a very, if not the most popular historical site for visitors of Suðurnesjabær and advertised by Geopark. On the other hand there is a graveyard where people want to remind their loved ones in peace. The atmosphere and site will totally change with a hotel or huts for accommodation of tourists in front of it, especially with the traffic and number of cars following something like that.</p>	<p>Vísað er til þess að sett hafa verið í tillögunni ákvæði fyrir þjónustu við ferðamenn í tengslum við Hvalsneskirkju og aðliggjandi svæði. Um er að ræða takmarkaðar heimildir til uppbyggingar þjónustuhúss sem er talið nauðsynlegt til að taka á móti ferðamönnum á þessum sögufræga stað. Jafnframt er ákvæði um að öll uppbygging skuli taka mið af yfirbragði staðarins, svo sem hvað varðar skala, ásýnd og yfirbragð. Þjónustunni verði valin staður í tengslum við heildarskipulag Hvalsnes og framtíðaraðkomu að svæðinu. Heimild er fyrir nýrri veltengingu að svæðinu, enda falli hún vel að landslagi og menningarminum í Hvalsnesi. Að mati Suðurnesjabæjar er þessi stefna nægilegt vegfesti fyrir gerð deiliskipulags fyrir svæðið og er jafnframt líkleg til að viðhalda þeim náttúru- og menningargæðum sem þar er að finna.</p> <p>Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.</p>
19.3	Claudia Gockel.	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	<p>AF 6 Áningarstaður sunnan við Hvalsnes, mentioned in the aðalskipulag, should be exactly defined on the map.</p>	<p>Afþreyingar- og ferðamannasvæðið sunnan Hvalsnes er afmarkaður á aðalskipulagsupprætti, sbr. AF-6. Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.</p>





19.4	Claudia Gockel.	Byggð í Suðurnesjabæ	Byggð í Suðurnesjabæ mynd 3: Melaberg by Lindarsandur is missing at all on the map, besides the old house and farm buildings and barn, there has been built a new machine hall and a new einbýlishús.	Upplýsingar um byggðina, þ.e. íbúðar- og frístundahús, eru frá Landmælingum Íslands. Í texta kafla 3.3 er þess getið að á kortinu séu þó ekki talin öll íbúðar- og frístundahús á svæðinu. Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
19.5	Claudia Gockel.	Vegir	Vegir: The aðalskipulag is missing the old þjóðvegur from ancient times. Everywhere in Iceland they are protected and well taken care of. They are of high historical value. We are living in one of the first permanently settled areas of Iceland. Þjóðvegur are menningarminjar and should not be neglected. The draw of the aðalskipulag mentions only "forn þjóðleið via Sandgerðisveg", two others are missing, easily to find on national maps: Fuglavíkurvegur and Hvalsnesvegur! They are as important for our community as, for example, Prestarstigur for Grindavík. They lead both over Rosmhvalanes and connected farms and fishery at the west coast to the trading point in Keflavík, long before Sandgerði has been settled and a harbour built. Ten years ago there were guided hiking tours I found in old press articles, organized by Reykjanesbær in honor of the historical routes. As Sandgerðisvegur (wich is not attractive to hike next to the main road) they have to be open for everyone. Isn't that even a national law? I saw these forn þjóðleið when the projects of different planners offices for the aðalskipulag Suðurnesjabæ could be voted for by the public. That was in my eyes a big plus for the chosen draw, now these ways are not mentioned any more. If of interest, I can send maps and press release.	Vísað er til þess að fjölmargar fornar leiðir eru hverfisverndaðar í aðalskipulaginu. Auk þess eru víðast hvar skilgreindar gönguleiðir þar sem áður voru fornar þjóðleiðir sem vísað er til í athugasemdin. Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
19.6	Claudia Gockel.	Vegir í náttúru Íslands	Vegir 2: chapter 25.2 greiðfær vegur/ seinfer vegur There is a way on the map, colored gray on the map, wich does not exist (south of number 17, next south to the T crossing to the graveyard/ Nýlenda).There is the house „Sólveigarlundur“, but no road.	Vegurinn sem vísað er til er fyrirhuguð vegtenging við Hvalsneskirkju og getið er um í greinargerð aðalskipulagsins og jafnframt er afmörkuð á aðalskipulagsuppdraetti. Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
20.1	Veðurstofa Íslands	Veðurfar	Varðandi kafla 5.2: Almennt er veðurfari lýst með hita, úrkomu og vindafari. Ágætt er að nota ársúrkomu á Keflavíkurflugvelli en það vantar allar tölulegar upplýsingar um hitafar og vindafar, að undanskildum vindáttum, í kaflann. Meðfylgjandi eru veðurfarsyfirlit fyrir Garðskagavita og Keflavíkurflugvöll, sjálfvirkar stöðvar á tímabilinu 2010-2019, gefa góða mynd af báðum þáttum. Einnig eru vindrósirnar í yfirlitunum betri en sú sem er í greinagerðinni þar sem hægt er að sjá hvassviðrisáttir beint. Á Garðskagavita koma flest hvassviðri úr NNA og NA og verstu hvassviðrin úr N til NNA en á Keflavíkurflugvelli er hvassviðrin tíðust úr SA til VSV. Reyndar er ekki víst að veðurstöðin á Garðskagavita gefi góða mynd af svæðinu þar sem vindmælirinn er óheppilega staðsettur, á þaki vitavarðarhússins og hitamælirinn á húsvegg. Þessi stöð er ekki í eigu Veðurstofu Íslands.	Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. kafli 5.2 er uppfærður með þeim upplýsingum sem fylgja umsögninni.
20.2	Veðurstofa Íslands	Aftakaveður	Varðandi kafla 5.5: Vissulega er rétt að samspil aftakaveðurs og sjávarfalla er þáttur sem þarf að taka tillit til við sjávarströndina. Rétt er þó einnig að nefna aftakavind einan og sér sem og mikla úrkomu, einkum snjókomu, en báðir þættir hafa áhrif á samgöngur og geta valdið tjóni.	Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. kafli 5.5 er uppfærður m.t.t. athugasemdar veðurstofunnar.
21.1	Margrét I. Ásgeirsdóttir	Verslunar- og þjónustusvæði á Garðskaga	Í kafla 4 um Lífríki og landslag er tekið fram að í fjörum í Suðurnesjabæ, einkum frá Garði og suður með ströndinni sé fjölbreytt lífríki og mikilvægt fuglasvæði og að ósar og fjörur á Rosmhvalanesi séu á náttúruminjarskrá. Einnig er kafli um veðurfar og aukin stórveður ásamt kafla um verndun menningar- og búsetuminja. Í kafla 20 er talað um mikilvægi útivistar, opin svæði og mikilvægi þess í Suðurnesjabæ sem er Heilsueflandi samfélag. Mjög víða í aðalskipulaginu er talað um mikilvægi og vernd strandlengjunnar og fjörunnar og aðgegni almennings að henni.  Það er því einlæg ósk mín að horft sé til framtíðar varðandi ásyndina á Garðskaga og aðgengi íbúa að strandlengjunni og svæðinu sunnan við Garðskagavita og Skagabrutina og ekki farið út í óafturkræfar aðgerðir þar sem aðgengi íbúa að gönguleiðinni meðfram ströndinni verð heft.	Greinargerð aðalskipulagsins verður uppfærð í samræmi við athugasemd, þ.e. sett er inn nánari ákvæði um ásynd svæðisins og aðgengi íbúa að gönguleið með ströndinni.



22.1	Jón Gunnarsson	Sjövörn	<p>Ég undirritaður sendi þetta erindi fyrir hönd eigenda Balajarðarinnar í framhaldi af vettvangsskoðun sem fram fór á Bala landi 6.4.2022, þar sem landbrot frá því í vetur var skoðað.</p> <p>Mikið hefur brotnað úr sjávarkambinum og fjörugrjót og þari um allt beitastykki og tún sem ekki er búið að verja fyrir ágangi sjávar. Sjóvarnargarður sem er fyrir hluta landsins varði þann hluta í þeim veðrum sem voru í vetur, en óvarði hlutinn hefur verulega látið á sjá.</p> <p>Girðing sem sett var upp í vor og var þá staðsett um meter frá sjávarkambinum er stórskemmd og horfin að hluta þar sem landbrotið er mest. Landið fyrir innan kambinn er mun lægra en kamburinn og stutt í að það verði umflotið sjó á flóði ef ekkert verður að gert. Hús sem þarna standa eru í hættu og einnig vegurinn sem tengir Stafneshverfið við Garðskagavegin.</p> <p>Þess er farið á leit við bæjarstjórn Suðurnesjabýggðar að sjóvörnum á þessu svæði verði forgangsraðað í samræmi við þá miklu hættu sem hefur skapast og ráðist verði í að verja landið sem fyrst.</p> <p>Hér að neðan eru nokkrar myndir sem lýsa ástandinu eins og það er nú. Ef frekari upplýsinga er óskað þá er hægt að hafa samband við undirritaðan.</p>	<p>Almennt er vísað til Vegagerðarinnar um útfærslu framkvæmda við sjóvarnir við Bala. Í tillögunni er svæðið sem um ræðir skilgreint sem náttúruvársvæði, þ.e. NV-6 og skilgreind er sjövörn við ströndina. Suðurnesjabær gerir reglulega áætlanir um framkvæmdir við sjóvarnir og er því beint til Vegagerðarinnar að huga að sjóvörnum við Bala þegar framkvæmdum við sjóvarnir er forgangsraðað. Sem viðbrögð við athugasemdinni er sjövörnin lengd til norðurs á aðalskipulagsupprætti.</p>
23.1	Brunavarnir Suðurnesja	Gauksstaðir - slökkvivatn	<p>Brunavarnir Suðurnesja leggur áherslu á að gert verði ráð fyrir brunahönum og nægjanlegu slökkvivatni við uppbygginguna á svæðinu. Æskilegast væri ef möguleiki væri á að hringtengja lögnina.</p>	<p>Vísað er til deiliskipulags að útfæra lagnir fyrir slökkvivatn.</p>
23.2	Brunavarnir Suðurnesja	Gauksstaðir - aðkoma	<p>Í breytingartillögu er sagt að aðkoma inn á svæðið sé frá Gauksstaðaveg en æskilegt væri, þó að ekki væri nema með vegspotta (sem gæti verið læstur) að hægt væri að koma inn á svæðið frá annari aðkomu. Gerum okkur samt grein fyrir að þá er jafnvel búið að tengja aðra jarðareigendur inn í málið. Bara ábending.</p>	<p>Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir VP-6, er uppfærð m.t.t. athugasemdar. Sett er inn ákvæði um að í deiliskipulagi verði sérstaklega skoðaðir valkostir um veltengingu inn á svæðið hvað varðar grenndaráhrif og varaleið vegna öryggis.</p>
24.1	Jónatan Ingimarsson og Erla Vigdís Óskarsdóttir	Gauksstaðir - aðkoma	<p>Við hjónin að Gauksstaðavegi 2 erum mótfalln því að Gauksstaðavegur verði notaður sem þjónustuvegur fyrir þjónustusvæði fyrir ferðamenn að Gauksstöðum. Forsendur veru okkar hér eru næði og rólegheit. Við teljum öryggi okkar, barna okkar og barnabarna sem njóta útivistar hér í kring muni breytast með tilheyrandi hættu og ónæði á öllum tímum sólarhringsins. Vegna smæðar Gauksstaðarvegur teljum við að hann muni ekki bera þá umferð sem fyrirhugaðri skipulagsbreytingu fylgir.</p>	<p>Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir VP-6, er uppfærð m.t.t. athugasemdar. Sett er inn ákvæði um að í deiliskipulagi verði sérstaklega skoðaðir valkostir um veltengingu inn á svæðið hvað varðar grenndaráhrif og varaleið vegna öryggis.</p>
25.1	Freyr Gunnarsson o.fl.	Gauksstaðir - aðkoma	<p>Við ábúendur á Gauksstaðavegi 6, erum alfarið á móti því að umferð að þjónustusvæði við Gauksstaði verði beint í gegnum Gauksstaðaveg. Það er okkar mat að Gauksstaðavegur beri með engum hætti þá umferð sem fyrirhuguð er með breyttu aðalskipulagi. Vegurinn er einbreiður og ekki hægt að mætast á veginum, engar gangstéttir eru fyrir gangandi vegfarendur og gatan illa upplýst. Hús okkar að Gauksstaðavegi 6 stendur alveg við götuna með tilheyrandi hættu og ónæði sem skapast vegna umferðar um götuna nú þegar. Fyrir um 20 árum þegar við keyptum eign okkar við Gauksstaðaveg 6 var stærsti kostur við eignina hve rólegt og friðsælt væri í kring. Með fyrirhuguðum skipulagsbreytingum teljum við því algeran forsendubrest fyrir því að búa í því rólega umhverfi sem við sóttum mikið eftir við kaup eignarinnar. Einnig teljum við með því að umferð þúsundir ferðamanna í gegn um Gauksstaðaveg á öllum tímum sólarhrings með tilheyrandi ónæði fyrir okkur ábúendur að Gauksstaðavegi 6 þá muni það að auki valda lækkun fasteignaverðs fasteigna við götuna.</p>	<p>Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir VP-6, er uppfærð m.t.t. athugasemdar. Sett er inn ákvæði um að í deiliskipulagi verði sérstaklega skoðaðir valkostir um veltengingu inn á svæðið hvað varðar grenndaráhrif og varaleið vegna öryggis.</p>
26.1	Freyr Gunnarsson o.fl.	Gauksstaðir - aðkoma	<p>Við undirrituð erum mótfalln fyrirhugaðri skipulagsbreytingu sem felur í sér að umferð verði beint í gegnum Gauksstaðaveg. Það er okkar mat að Gauksstaðavegur beri engan veginn þá umferð sem fyrirhuguð er fyrir þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Vegurinn er einbreiður, ekki er hægt að mætast á veginum, engar gangstéttar eru á veginum fyrir gangandi vegfarendur, gatan er illa upplýst og hefur götunni ávallt verið illa viðhaldið af hálfu bæjarins hvort sem umræðir yfir sumartíma eða vetrartíma.</p> <p>Einnig þykir okkur furðulegt að bæjarfélagið ætli að taka hagsmuni 5-7 þúsund ferðamanna framfyrir lífsgæði íbúa við Gauksstaðaveg og Gerðaveg. Ferðamenn þessir munu koma til með að aka Gauksstaðaveg á öllum tímum sólarhrings með tilheyrandi ónæði fyrir íbúa.</p> <p>Við teljum einnig að með þessari skipulagsbreytingu sem fyrirhuguð er við Gauksstaði muni rýra fasteignaverð eigna.</p>	<p>Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir VP-6, er uppfærð m.t.t. athugasemdar. Sett er inn ákvæði um að í deiliskipulagi verði sérstaklega skoðaðir valkostir um veltengingu inn á svæðið hvað varðar grenndaráhrif og varaleið vegna öryggis.</p>



27.1	Umhverfisstofnun.	Gauksstaðir - verndarsvæði	Svæðið er skilgreint í gildandi aðalskipulagi sem opið svæði, en opið svæði er skilgreint samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Auk þess, eins og segir í greinargerð lýsingar, er svæðið hverfisverndað vegna lífríkis og útivistar og á náttúruminjaskrá vegna vistkerfa og fuglalífs. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan geti haft áhrif á og rýrt útivistar- og verndargildi svæðisins leggur stofnunin það til að sveitarstjórn skoði einnig aðra valmöguleika, sbr. 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, fyrir uppbyggingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu utan útivistarsvæða, hverfisverndarsvæða og svæða á náttúruminjaskrá við gerð tillögunnar.	Suðurnesjabær tekur undir þær áherslur sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar um að viðhalda svæðum til útivistar og að viðhalda verndargildi svæða við ströndina. Jafnframt tekur Suðurnesjabær undir mikilvægi þess að skoða valmöguleika um uppbyggingu verslunar- og þjónustu í sveitarfélaginu. Á hinn bóginn er bent á áherslur sveitarfélagsins í nýju aðalskipulagi um að styrkja þéttbýlisstaðina sem viðkomustaði ferðamanna þar sem í boði er fjölbreytt úrval þjónustu. Að einhverju marki nýtist sú þjónusta íbúum og jafnframt verða til störf í þéttbýlinu. Þessir þættir stuðla að sjálfbærni daglegs lífs íbúa. Mikilvæg forsenda uppbyggingarinnar er að viðunandi veltenging verði að svæðinu sem tekur tillit til nærliggjandi íbúðarsvæða og að umfang uppbyggingar verði hóflegt og taki mið af nærliggjandi byggð, annarri náttúruvernd og hverfisvernd sem gildir á svæðinu. Suðurnesjabær telur eiga vel við að byggja upp ferðapjónustu að Gaukstöðum í næsta nágrenni við miðsvæði í Garði. Í tillögu að aðalskipulagi eru sett ákvæði um að uppbygging taki mið af náttúru- og menningarminjum og uppbyggingin hindri ekki aðgengi að ströndinni. Ákvæði fyrir VP-6 eru yfirfarin m.t.t. þess að þar komi fram að aðgengi að ströndinni og útivistarsvæðum við ströndina verði tryggt.
27.2	Umhverfisstofnun.	Gauksstaðir - umhverfisáhrif	Í greinargerð lýsingar segir að vísað er til umhverfisskýrslu fyrir endurskoðun aðalskipulags og unnið verður að umhverfismatsskýrslu fyrir svæðið á þeim grunni. Í umhverfismatsskýrslunni fyrir endurskoðað aðalskipulag segir á bls. 6 að verndarsvæði í byggð kann að hefta vöxt þéttbýlis inn á við og er hægt að skilgreina þann þátt sem veikleika. Einnig segir að þátturinn nálægð við náttúruna er skilgreindur sem styrkleiki. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í umhverfisskýrslunni að líta beri á nálægð við náttúruna og verndarsvæði sem styrkleika frekar en veikleika. Með þéttingu byggðar er m.a. verið að leggja áherslu á uppbyggingu á þegar röskuðum svæðum og að byggð þenjst ekki út á óröskuð svæði með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að horft sé til þess að verndar- og útivistarsvæði þéttbýlisins er við ströndina. Því er mikilvægt að lögð sé áhersla á að við gerð tillögunnar og þróun þéttbýlisins í skipulagi sé tekið mið af því.	Suðurnesjabær tekur undir þær áherslur sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar að þróun þéttbýlisins taki mið af því og að uppbygging þéttbýlis leiti ekki í átt að náttúruverndarsvæðum. Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um að nýta svæði innan núverandi byggðar undir íbúðarbyggð, en nýjum íbúðarsvæðum er valin staður með tilliti til viðmiða um hagkvæma uppbyggingu, tengsla við núverandi byggð og m.t.t. náttúruverndarsjónarmiða og menningarminja. Í þeim tilvikum sem t.d. er fyrirhuguð uppbygging við ströndina eru sett inn ákvæði um að forðast skuli að raska vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi á svæðinu, auk ákvæða hverfisverndar. Athugasemdin kallar að öðru leyti ekki á viðbrögð Suðurnesjabæjar.
28.1	Kristín S Þórðardóttir	Gauksstaðir - aðkoma	Ég vil koma með athugasemd vegna breytinga á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar varðandi Gauksstaði í Garði.. Aðkoma að svæðinu er nú frá Gauksstaðaveg um Gerðaveg og óska ég eftir því að þar verði breyting á þannig að aðkoman verði önnur en í gegnum Gauksstaðavegin sem er í notkun núna Sem einn af landeigendum að því svæði sem aðkoman fer í gegnum þá tel ég það óviðunandi að umferð verði beint þar í gegn. Þessi vegur er mjög þröngur og liggur mjög nálægt þeim byggingum sem eru við veginn. Þessi vegur er hannaður fyrir litla umferð og stundum hefur landnúmerið 13072 sem ég á líka eignaprósentuverið notaður í til að beita hestum á, sem fer ekki saman með aukinni umferð varðandi dýravelferð þar fyrir utan þá gæti fyrirhuguð umferð skert möguleika á frekari uppbyggingin og eða möguleikum á frekari uppbyggingu á svæðinu hjá öðrum sem eiga hlut í ofangreindu landanúmeri.	Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir VP-6, er uppfærð m.t.t. athugasemdar. Sett er inn ákvæði um að í deiliskipulagi verði sérstaklega skoðaðir valkostir um veltengingu inn á svæðið hvað varðar grenndaráhrif og varaleið vegna öryggis.
28.2	Kristín S Þórðardóttir	Gauksstaðir - fráveita	Þá vil ég koma með fyrirspurn varðandi klóakið frá svæðinu eins og það er og hvernig það myndi verða með breytingu á aðalskipulaginu. Ég á land að sjó sem liggur að þessu svæði og á þar af leiðandi 115 metra út frá landi skv. lögum. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma (eða 115 metra) frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans." Ef frárennismálin eru ekki lögleg þá kem ég með athugasemd varðandi það og fer fram á að farið verði í að koma því í lag. Síðustu upplýsingar sem ég hef er a ð fráfallsrörið sé allt of stutt og eiginlega ólöglegt.	Vísað er til deiliskipulags að útfæra veitur á svæðinu.
29.1	Þorvaldur Þorvaldsson o.fl.	Gauksstaðir - afmörkun VP-6	Gerðar eru athugasemdir við skilgreiningu á skipulagssvæðinu, en á á myndum nr. 1 og 2 þá nær skipulagsvæðið líka yfir eignarland Vara, sem er harðlega mótmælt.	Afmörkun VP-6 á skipulagsuppdrætti er yfirfarin m.t.t. eignamarka.
29.2	Þorvaldur Þorvaldsson o.fl.	Gauksstaðir - nálægð bygging við landamörk Vara	Gerð er athugasemd við hugmynd að fyrirkomulaginu en á mynd nr. 4 þá eru 5 gistihús sem eru alveg við landamörk að eignarlandi Vara. Þessari nálægð er harðlega mótmælt.	Vísað er til deiliskipulags að tekið sé tillit til nálægðar við önnur mannvirki og eignarlönd.



29.3	Þorvaldur Þorvaldsson o.fl.	Gauksstaðir - aðkoma og truflun frá ferðamönnum	Gerð er athugasemd við fyrirhugað umfang starfseminnar í næsta nágrenni við Varir. Í dag er fámennið og kyrrðin mjög mikil verðmæti fyrir eigendur og íbúa við Varaveg. Lítil umferð er um Varaveg og í nágrenni Vara og er fjarlægð í næstu hús mikil. Því er harðlega mótmælt að byggð verði upp frekar umfangmikil ferðamannaþjónusta í næsta nágrenni fyrir 5000 – 7000 ferðamenn með tilheyrandi skerðingu á eignum fyrir eigendur Vara og lífsgæði íbúa við Varaveg. Sama fjölskyldan hefur átt Varir og búið á þessari fornu jörð í yfir 100 ár og vill halda áfram í þau einstöku gæði sem Varir hefur upp á að bjóða.	Greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. ákvæði fyrir VP-6, er uppfærð m.t.t. athugasemdar. Sett er inn ákvæði um að í deiliskipulagi verði sérstaklega skoðaðir valkostir um vegtenginu inn á svæðið hvað varðar grenndaráhrif og varaleið vegna öryggis. Suðurnesjabær telur að það sé mikilvæg forsenda uppbyggingarinnar að viðunandi vegtenging verði að svæðinu sem tekur tillit til nærliggjandi íbúðarsvæða og að umfang uppbyggingar verði hóflegt og taki mið af nærliggjandi byggð, annarri náttúruvernd og hverfisvernd sem gildir á svæðinu.
29.4	Þorvaldur Þorvaldsson o.fl.	Gauksstaðir - flóðasvæði	Bent er á að fyrirhugað ferðamannasvæði í landi Gauksstaða er ekki öruggt byggingarsvæði vegna flóðahættu. Það flæðir sjór þarna reglulega yfir í vonskuveðrum og fer t.d. sjór og þari langt inn á Gauksstaðatún og svæðið verður hálfgerð síki. Þetta land er vanhugsað byggingaland.	Í ákvæðum fyrir VP-6 í greinargerð eru ákvæði um að við uppbyggingu á svæðinu skuli taka mið af hættu af völdum sjávarflóða, svo sem hvað varðar hæðarsetningu.